

Veiðimálastofnunin, maí 1981  
Þórir Dan Jónsson, Borgarnesi

### Svansvíkurvötn.

Dagana 26-27/7 '80 var rafveitt í innrennsli neðra Svansvíkurvatns og í Fjarðarhornská. Í innrennsli Svansvíkurvatns veiddust 7 laxaseiði og 8 bleikjuseiði. Í Fjarðarhornská veiddust 14 urriðar, 1 bleikja og 1 sumargamalt laxaseiði.

Lengdar-og aldursdreifing hluta aflans er sýnd á mynd 1, þ.e. laxaseiði úr innrennslinu og urriði og laxaseiði úr Fjarðarhornská.

Í Svansvíkurvötn hefur verið sleppt nálægt 4-5 þús. sumaröldum seiðum árlega síðan 1975 (1977 var sleppt 2000 seiðum og 1978 var 5000 seiðum sleppt). Þriggja ára seiðið mun því vera úr sleppingunum frá 1977, en tveggja ára seiðin úr sleppingunni 1978.

Af lengdardreifingu seiðanna má ætla að seiðin haldi velflest út þriggja ára gömul (þetta eina þriggja ára seiði sem veiddist er þá væntanlega eftirlegukind). Árangur sleppinga sumaralinnna seiða ættu því að sýna sig fjórum til fimm árum eftir sleppingu (velflest seiðin eru 3 ár í fersku vatni og eitt eða tvö ár í sjó).

Hreistur var tekið af tveimur löxum sem veiddust í Ósi Fjarðarhornská þann 26/7 81. Aldur þessara laxa var **fimm ár**. Annar laxinn (57 cm.) hafði dvalist fjögur ár í fersku vatni og eitt ár í sjó, en hinn (87.5 cm.) hafði dvalist þrjú ár í fersku vatni og tvö ár í sjó. Þessir laxar eru því báðir úr sleppingunni 1975.

Seiðin vaxa allvel en hugsanlega eru Svansvíkurvötn ofsetin silungi, eins og sést af lengdar-og aldursdreifingu urriðans í Fjarðarhornská, en þar hægist allverulega á vextinum við fjögurra til fimm ára aldur. Bleikjan sem veiddist í innrennslinu sýnir einnig ofsetningareinkenni, t.d. er 17 cm. bleikja fimm ára gömul.


Það er ætlun mín að kanna þetta nánar í sumar, og ef svo reynist að vötnin séu ofsetin silungi ætti að vera hægt að ráða bragarbót á því, því ég tel að ekki þurfi mikið veiðiálag í þetta litlum vötnum til þess að grisjun geti haft jákvæðar afleiðingar. Myndu þá skilyrði fyrir laxaseiði batna verulega.

26/7 '80

LAXASEIÐI

JÖNNRENNSLI Í SVANSVÍKURVATNI

FJÖLDI SEIÐA



LENGD Í CM


27/7 '80

URRIÐI

FJARDARHORNSÁ

300 m FYRIR OFAN BRÚ VÍÐ ÞJÓÐVEG

FJÖLDI SEIÐA



LENGD Í CM

MYND 1. LENGÐAR OG ALDURSDREIÐING LAXASEIÐA OG URRIÐA

VEIDD 26-27/7 1980 Á VATNASVÆÐI SVANSVÍKURVATNA